

Stjórnarfundur FEBSEL 15.01.2026 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.30.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Inga, Stefán, Helgi og Aðalbjörg.

Dagskrá:

1. Opinn fundur á bókasafni Seltjarnarness.

Ákveðið að halda tvo fundi á vorönn, annan í febrúar og hinn í mars. Kristbjörg mun hafa samband við bókasafnið varðandi aðgang á salnum þar.

Ákveðið að fá á fyrri fundinn Silju sálfræðing á heilsugæslu Seltjarnarness til að ræða sálfræðipjónustu á heilsugæslunni og á seinni fundinum verði fjallað um snjalltæki og gervigreind. Krístrún mun tala við Oddnýju á skrifstofu LEB og fá nánari upplýsingar um Netvís sem er í samstarfi við LEB varðandi fyrirlestra á þessu sviði.

2. Tengin heimasíðu FebSel við síðu Seltjarnarnesbæjar.

Helgi og Sigríður munu skoða hvort bærinn geti hýst síðu félagsins.

Ákveðið að kanna hvort hægt sé að bjóða upp á skráningu í félagið á vefsíðu FebSel.

3. Öldungaráðsfundur um tekjur/gjöld bæjarins varðandi málaflokkinn.

Fundurinn var haldinn 4. desember s.l. Stjórn FebSel var boðið að senda fulltrúa á fundinn og mættu Kristbjörg og Sigurður fyrir hönd stjórnar. Fram kom á fundinum að ¼ af bæjarbúum er á aldrinum 60+. Sjá fundargerð hjá bænum.

4. Eitt símanúmer: „Öllum“ spurningum eldri borgara bæjarins svarað

Eitt símanúmer sem veitir eldri borgurum upplýsingar um þjónustu og hvar skal leita hennar. Þessi þjónusta er komin á legg í Mosfellsbæ. FebSel gæti haft frumkvæði að því að fá slíkt þjónustunúmer hingað á Seltjarnarnes. Hægt er að skoða heimasíðu Mosfellsbæjar til að fá nánari upplýsingar um verkefnið.

5. Heimili heimsmarkaðarins?

Heimili heimsmarkaðarins er heiti á samtökum sem var með fund í Hannesarholti. Á vefsæði Hannesarholts er hægt að fá upplýsingar um þetta fyrirbæri og þar er hægt að finna fyrirlestra um ýmis málefni. Ákveðið að athuga hvort hægt sé á fá þaðan spennandi/fræðandi fyrirlestra fyrir okkar fólk.

6. Sjálfbær námskeið fyrir eldri borgara.

Hildigunnurhefur boðið Kristbjörgu að kynna fyrir henni ýmis sjálfbær námskeið fyrir eldra fólk sem hægt væri að bjóða uppá hér. Kristbjörg mun ræða beturvið Hildigunnvarðandi málið.

7. Formannafundur LEB

Formannafundur LEB var haldinn í morgun. 35 af 49 formönnum komu inn á fundinn. Formannafundir eru haldnir x1 í mánuði á SUM. Spurning um að halda opinn fund í febrúarfyrir félaga í FebSel með formanni LEB sem myndi kynna framgang mála sem LEB hefur barist fyrir undanfarið. Landsfundur LEB verður haldinn 29. apríl í Reykjavík. Nöfn tveggja fulltrúa frá okkur þarf að senda inn fyrir 9. apríl.

8. Önnur mál

Kristbjörg, Aðalbjörg og Helgi munu ekki bjóða sig aftur fram til setu í stjórn FebSel.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30. Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.